

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Gerðahreppi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Gerðahreppi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar sveitarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími skal vera frjáls, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

3. gr.

Þeir sem vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 23:00 til kl. 07:00 skulu sækja um sérstakt leyfi til hreppsnefndar. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00. Til hreppsnefndar skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 4. gr.

4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. og 7. gr.
- c. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, útiskemmtunum og á slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er getur í 2. gr. Þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í sveitarsjóð samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel

úr hendi, getur hreppsnefnd svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. nóvember 1995

Nr. 619

AUGLÝSING

um umferð í Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að Laugargata norðan Skólastígs verði vistgata.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 15. nóvember 1995.

Elías I. Elíasson.

28. nóvember 1995

Nr. 620

REGLUGERÐ

á grundvelli 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

1. gr.

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og honum hefur verið breytt með lögum nr. 70/1993, skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en Íslands njóta sama réttar og íslenskir ríkisborgarar til að reka hér iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað. Eru þeir samkvæmt því undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang og þurfa eigi fremur en íslenskir ríkisborgarar að hafa búsetu hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. lög nr. 70/1993, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Porkell Helgason.